



Áfangalýsing ML

Titill:	Maðurinn, auðlindirnar og umhverfið
Námsgrein:	Landafræði
Viðfangsefni:	Maðurinn, auðlindirnar og umhverfið
Skammstöfun:	LAND2AU05
Þrep:	2
Einingafjöldi:	5
Lýsing:	<p>Í þessum áfanga er fjallað um landafræði sem fræðigrein, notagildi hennar og tengsl við aðrar fræðigreinar. Fjallað er um kortagerð, grunnhugtök lýðfræðinnar, íbúasamsetningu mismunandi þjóðfélagsgerða og vandamál sem tengjast fólksfjölgun og fólksflutningum og breytingum á búsetumynstri. Farið er í áhrif manna á vistkerfið og afleiðingar ósjálfbærrar auðlindanýtingar. Einnig er fjallað um gerð og byggingu jarðarinnar og þau öfl sem móta landið. Áhersla er lögð á verkefnavinnu. Nemendur munu bæði vinna einstaklingsverkefni og í hópum og eru virkjuð í temja sér góða upplýsingaöflun með margs konar miðlum úr fjölbreyttum heimildum. Ýtt er undir gagnrýna hugsun til að átta sig á gæðum heimilda.</p>
Forkröfur:	Engar
Þekkingarviðmið:	<p>Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:</p> <ul style="list-style-type: none">• sérstöðu landafræðinnar sem þverfaglegar vísindagreinar• meginráttum náttúrufars annars vegar og nýtingu mannsins á náttúrunni hins vegar.• samspili nýtingar mannsins á auðlindum og þróun umhverfis.• helstu hringrásarkerfi Jarðarinnar• staðreyndir er varða Jörðina og þekking á mismunandi heimsálfum, svæðum og löndum
Leikniviðmið:	<p>Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:</p> <ul style="list-style-type: none">• átta sig á staðháttum, ógnunum og tækifærum mismunandi svæða• skilja hvað hann getur gert til að leggja sitt af mörkum til að leysa þau vandamál sem heimurinn stendur frami fyrir varðandi umhverfis og auðlindamál



Hæfniviðmið:	<p>Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:</p> <ul style="list-style-type: none">• vera meðvitaður um umhverfi sitt og sinn þátt í hagnýtingu og viðhaldi náttúrunnar.• átta sig á að Jörðin er eitt samhangandi vistkerfi þar sem aðstæður eins hafa áhrif á afkomu annarra, hvort sem litið er til viðskipta, mengunar eða nýtingar náttúruauðlinda.
Námsmat	Verkefnavinna, fyrirlestrar og próf